



1614. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal
11.1.2017, kl. 11:30

1. Fundargerð 1613. fundar

Samþykkt.

2. Þing ÍBR 2017

Umræður um undirbúning og framkvæmd. Samþykkt að stefna á 23.-24. mars.

3. Fylkir 50 ára

Félaginu verða færðar 250.000 kr í samræmi við reglur ÍBR þar um.

4. Samfelldur dagur barna

Skýrsla starfshóps Reykjavíkurborgar um samfellda dag barna lögð fram. Skoðað verði að leggja fram tillögu um málið á þingi ÍBR.

5. Ánægjuvogin

Lagt fram erindi frá ÍSÍ og UMFÍ um könnunina Ánægja í íþróttum og einnig skýrsla með heildarniðurstöðum fyrir íþróttahreyfinguna í Reykjavík í samanburði við landið. Mikilvægt að samanburði við niðurstöður fyrri ára liggi fyrir, er ekki í skýrslunni í núverandi mynd.

6. Heilsuefling aldraðra

Skýrsla með niðurstöðum starfshóps Reykjavíkurborgar um heilsueflingu aldraðra lögð fram. Fyrirhugað að stofna vinnuhóp um málið.

7. Afrekssjóður ÍSÍ og íþróttahéruð

Lagt fram bréf frá ÍSÍ um fund með fulltrúum stærstu íþróttahéraða um endurskoðun á reglum Afrekssjóðs ÍSÍ 17. janúar. Samþykkt að Ingvar og Frímenn verði fulltrúar ÍBR á fundinum.

8. Aðildarumsóknir

- Umsókn Knattspyrnufélagsins kórdrengir er í farvegi. Samþykkt að veita þeim undanþágu til þátttöku í mótum.
- Umsókn Kraftlyftingafélags Reykjavíkur samþykkt.

9. Dansfélög

Upplýst að Dansfélagið Bíldshöfði hefur verið lagt niður og sameinað Dansfélagi Reykjavíkur.

10. Fundarplan stjórnar

Fyrirliggjandi tillaga samþykkt.

11. Önnur mál

- Þróun æfingagjalda íþróttafélaga, skoða nánar m.a. í samræmi við hækkanir í öðrum tómsundum barna í Reykjavík.

Fundi slitið kl. 13.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari